

## Aldarminning:

Jón Árnason prentari

Jón Arnason var fæddur 5. júní 1875 að Miklaholtshelli í Hraungerðishreppi í Árnessýslu. Foreldrar hans voru Árni Jónsson frá Snotru J Þykkvabæ og kona hans Þorbjörg Filippusdóttir frá Þórunúpi í Hvolhreppi. Jón fluttist ungur með foreldrum sínum til Reykjavíkur. Jón lærði prentið. Hann var einn af stofnendum Gutenberg-prentsmiðjunnar árið 1905 og vann þar síðan. Hann var einn af stofnendum Hins Íslenska prentarafélags og kjörinn heiðursfélagi þess 1937. Jón starfaði í Góðtemplarareglunni í sjö áratugi, var í framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands í 20 ár, ritstjóri Templars í 11 ár og umboðsmaður Hátemplars í Stórstúku Íslands yfir 50 ár. Hann var formaður Reykjavíkurstúku Guðspekifélagsins í 15 ár. Hann stundaði talnaspeki og táknafræði og skrifaði um það efni ásamt fleiru. - Jón stofnsetti Reglu Co-Frímúrara héraendis árið 1921 og hann var forgöngumaður að stofnun Reglu musterisriddara hér á landi árið 1949. Jóni var veitt Fálkaorðan. Einnig hlaut hann æðsta heiðursmerki Góðtemplarareglunnar úr gulli. Er hann var áttæður. Þar er m.a. nokkurt úrval af greinum hans.

Jón Árnason dó 5. júní 1961, á 86. afmælisdegi sínum.

Það sem hér fer á eftir var flutt við athöfn er fram fór við gróf hans í kirkjugarðinum við Suðurgötu á hundrað ára fæðingardegi hans.

Við vinir og ættingjar Jóns Árnasonar vorum hér samankomin fyrir fjórtán árum síðan við útför hans, en hann lézt á afmælisdegi sínum um áttatíu og sex ára eflir erfiða sjúkdómsraun, að loknu löngu og merkilegu ævistarfi.

Nú erum við hér samankomin á ný, nokkrir ættingjar og vinir, með litinn sveig blóma og liljuvönd er við leggjum á þann hvíldarstað holdsins er gröfin tákna, með hjartkærri þökk fyrir líf hans og starf, með þökk fyrir allt það er hann svo ótraður miðlaði okkur.

Það sem öðru fremur veldur því að maður verði samtíð sinni eftirminnilegur, er andlegt atgervi er birtist með ýmsum hætti. Verk þeirra eru metin og geymd í minni og maðurinn vegna þeirra. Sumir menn eru sjáendur um aðra menn fram. Með vitsmunum sínum varpa þeir á loft kyndli skarprar

hugsunar, eða með breytni sinni og athöfnum veita þeir straumi jákvæðrar lífsorku inn líf þeirra er næstir þeim standa. Þetta gerði bróðir Jón Árnason. Hann var maður með ýmislegar sérstæðar skoðanir og stefnumið er líf. hans allt og breytni mótaðist af, sjálfum sér samkvæmur langt um aðra menn fram. Hjá honum markaðist breytnin af kenningunni svo sjaldgæflega, að það hlaut að verða þeim er þekktu hann bezt, efni til umhugsunar og lærdóms. - Það má þó ekki skilja orð mín svo að ég telji að ekkert hafi á það skort, að kenning hans og breytni væri ætíð í fullkomnu samræmi. Með því væri minningu hans enginn greiði gerður. Jón Árnason var vissulega persóna til að bera sína galla og standa þó hátt upp úr hversdags-mennskunni, skarpvitur, orðhagur og djúpskyggn, gæddur innsæi í þá dular-heima er ekki verða vegnir eða mældir, og með ófullkomnum hætti með orðum skýrðir.

Jón Árnason var sannfærður um framhaldslíf. Hann leit á þessa jarðvist sem litla dvöl, stutta kennslustund á leið okkar til aukins vaxtar og siðferðislegs þroska eftir þeim óhagganlegu réttlætislögmálum er ríki í tilverunni. Hann vissi að við eigum eilíft líf fyrir höndum. Það líf á ekki að vera kyrrstaða, heldur barátta, töp og sigrar. Fegurð þess lífs og gagnsemi okkur til handa, ræðst af breytni sérhvers manns eftir óhagganlegu lögmáli orsaka og afleiðinga. Sú var trú hans og bjargföst víska.

Við stöndum her við hvíldarstað holdsins með fáein viðkvæm blóm sem milt í fegurð sinni eru á leið til hrörnunar og dauða, og við leggjum þau á leiði bróður Jóns. - Víð vitum að hann er ekki hér að finna. Við trúum því að sál hans, andi hans sé að störfum á ókunnum tilverusviðum, — og við trúum því að þar sé hann að nema og kenna.

Við hverfum frá þessum stað með þökk I huga fyrir það sem Jón Árnason miðlaði okkur með ýmislegum hætti, eftir margvíslegum leiðum á hinni löngu vegferð sinni meðal okkar. Sé hann blessaður, ævinlega.

Indriði Indriðason.

Birt í ÍSLENDINGAÞÆTTIR TÍMANS.

Laugardaginn 28. júní 1975-21. tbl. 8. árg, No. 212